

I	EES-STOFNANIR	
1.	EES-ráðið	
2.	Sameiginlega EES-nefndin	
2008/EES/64/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn	1
2008/EES/64/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn	3
2008/EES/64/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og bókun 37 við EES-samninginn	5
2008/EES/64/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn	9
2008/EES/64/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn	10
2008/EES/64/06	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn	11
2008/EES/64/07	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	13
2008/EES/64/08	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	15
2008/EES/64/09	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	16
2008/EES/64/10	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn	18
2008/EES/64/11	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	20
2008/EES/64/12	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn	22
2008/EES/64/13	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn	23

2008/EES/64/14	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn.	25
2008/EES/64/15	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins.	26
2008/EES/64/16	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins.	28
3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
4.	Ráðgjafarnefnd EES	
II	EFTA-STOFNANIR	
1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
3.	EFTA-dómstóllinn	
III	EB-STOFNANIR	
1.	Ráðið	
2.	Framkvæmdastjórnin	
3.	Dómstóllinn	

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 79/2008

2008/EES/64/01

frá 4. júlí 2008

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2008 frá 6. júní 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB frá 5. september 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 92/49/EBE og tilskipunum 2002/83/EB, 2004/39/EB, 2005/68/EB og 2006/48/EB að því er varðar reglur um málsmeðferð og viðmiðanir vegna varfærismats á öflun og aukningu eignarhlutdeildar á sviði fjármála ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 7a (tilskipun ráðsins 92/49/EBE), 11. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB), 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB) og lið 31ba (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB):

„– **32007 L 0044:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB frá 5. september 2007 (Stjtið. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 1).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 7b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB):

„eins og henni var breytt með:

– **32007 L 0044:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB frá 5. september 2007 (Stjtið. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 1).“

3. Liður 7a (tilskipun ráðsins 92/49/EBE) breytist sem hér segir:

i) Núverandi aðlögunarliður a) verði aðlögunarliður b).

ii) Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við á undan hinum nýja aðlögunarliði b):

„a) Ákvæði 15. gr., 15. gr. a, 15. gr. b og 15. gr. c um varfærismat á fyrirhuguðum kaupanda gilda ekki ef aðsetur fyrirhugaðs kaupanda, eins og hann er skilgreindur í tilskipuninni, eða lögsagan sem hann fellur undir, er utan yferráðasvæðis samningsaðila.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 29, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 1.

4. Liður 7b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB) breytist sem hér segir:
- Núverandi ótölusettur aðlögunarliður verði aðlögunarliður b).
 - Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við á undan hinum nýja aðlögunarliði b):
„a) Ákvæði 19. gr., 19. gr. a og 20. gr. um varfærnismat á fyrirhuguðum kaupanda gilda ekki ef aðsetur fyrirhugaðs kaupanda, eins og hann er skilgreindur í tilskipuninni, eða lögsagan sem hann fellur undir, er utan yferráðasvæðis samningsaðila.“
5. 11. liður (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB) breytist sem hér segir:
- Núverandi aðlögunarliðir b), c) og d) verði aðlögunarliðir c), d) og e).
 - Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við á eftir aðlögunarliði a):
„b) Ákvæði 15. gr., 15. gr. a, 15. gr. b og 15. gr. c um varfærnismat á fyrirhuguðum kaupanda gilda ekki ef aðsetur fyrirhugaðs kaupanda, eins og hann er skilgreindur í tilskipuninni, eða lögsagan sem hann fellur undir, er utan yferráðasvæðis samningsaðila.“
6. 14. liður (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB) breytist sem hér segir:
- Núverandi aðlögunarliðir c) og d) verði aðlögunarliðir d) og e).
 - Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við á eftir aðlögunarliði b):
„c) Ákvæði 19. gr., 19. gr. a, 19. gr. b, 20. gr. og 3. mgr. 21. gr. um varfærnismat á fyrirhuguðum kaupanda gilda ekki ef aðsetur fyrirhugaðs kaupanda, eins og hann er skilgreindur í tilskipuninni, eða lögsagan sem hann fellur undir, er utan yferráðasvæðis samningsaðila.“
7. Liður 31ba (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB) breytist sem hér segir:
- Núverandi ótölusettur aðlögunarliður verði aðlögunarliður b).
 - Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við á undan hinum nýja aðlögunarliði b):
„a) Ákvæði 10. gr., 10. gr. a og 10. gr. b um varfærnismat á fyrirhuguðum kaupanda gilda ekki ef aðsetur fyrirhugaðs kaupanda, eins og hann er skilgreindur í tilskipuninni, eða lögsagan sem hann fellur undir, er utan yferráðasvæðis samningsaðila.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2007/44/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. júlí 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*), eða gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2008 frá 6. júní 2008, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. júlí 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 80/2008****2008/EES/64/02****frá 4. júlí 2008****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2008 frá 6. júní 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007 frá 21. desember 2007 um að koma á fót aðferð til að ákvarða jafngildi reikningsskilastaðla sem útgefendur verðbréfa í þriðja landi beita samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB og 2004/109/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 29ga (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/14/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„29h. **32007 R 1569**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007 frá 21. desember 2007 um að koma á fót aðferð til að ákvarða jafngildi reikningsskilastaðla sem útgefendur verðbréfa í þriðja landi beita samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB og 2004/109/EB (Stjtið. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 66).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1569/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. júlí 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(3*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. júlí 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 29, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 66.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING SAMNINGSADILA**vegna ákvörðunar nr. 80/2008 sem felur í sér ákvæði um að fella inn í samninginn
reglugerð (EB) nr. 1569/2007**

„Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007 frá 21. desember 2007 um að koma á fót aðferð til að ákvarða jafngildi reikningsskilastaðla sem útfendur verðbréfa í þriðja landi beita samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB og 2004/109/EB eru nokkrar greinar sem lúta að jafngildi krafna sem gilda gagnvart ríkjum utan Evrópubandalaganna. Innfelling þessarar reglugerðar er með fyrirvara um gildissvið EES-samningsins.“

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 81/2008**2008/EES/64/03****frá 4. júlí 2008****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og bókun 37 við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. og 101. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2008 frá 6. júní 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Bókun 37 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007 frá 26. október 2007 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/527/EB frá 6. júní 2001 um að koma á fót samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/528/EB frá 6. júní 2001 um að koma á fót evrópskri verðbréfanefnd ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/5/EB frá 5. nóvember 2003 um að koma á fót evrópskri bankaftirlitsnefnd ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/6/EB frá 5. nóvember 2003 um að koma á fót nefnd evrópskra eftirlitsaðila með váttryggingum og starfstengdum lífeyrissjóðum ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/7/EB frá 5. nóvember 2003 um breytingu á ákvörðun 2001/527/EB um að koma á fót samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/8/EB frá 5. nóvember 2003 um breytingu á ákvörðun 2001/528/EB um að koma á fót evrópskri verðbréfanefnd ⁽⁸⁾.
- 9) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/9/EB frá 5. nóvember 2003 um að koma á fót evrópskri nefnd um váttryggingar og starfstengda lífeyrissjóði ⁽⁹⁾.
- 10) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/10/EB frá 5. nóvember 2003 um að koma á fót evrópskri bankanefnd ⁽¹⁰⁾.
- 11) Til þess að tryggja góða framkvæmd samningsins ber að víkka gildissvið bókunar 37 við samninginn þannig að hún taki til samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði, sem er skipuð samkvæmt ákvörðun 2001/527/EB, evrópskrar verðbréfanefndar, sem er skipuð samkvæmt ákvörðun 2001/528/EB, evrópskrar bankaftirlitsnefndar, sem er skipuð samkvæmt ákvörðun 2004/5/EB, nefndar evrópskra eftirlitsaðila með váttryggingum og starfstengdum lífeyrissjóðum, sem er skipuð samkvæmt ákvörðun 2004/6/EB, evrópskrar nefndar um váttryggingar og starfstengda lífeyrissjóði, sem er skipuð samkvæmt ákvörðun 2004/9/EB, og evrópskrar bankanefndar, sem er skipuð samkvæmt ákvörðun 2004/10/EB, og breyta IX. viðauka þannig að fram komi hvaða málsmeðferð ræður samskiptum við þessar nefndir.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 29, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 70, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2008, bls. 70.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 191, 13.7.2001, bls. 43.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 191, 13.7.2001, bls. 45.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 28.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 30.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 32.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 33.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 34.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 36.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Liður 31bb (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB), liður 31c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB) og liður 31d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB) skulu endurtölusettir sem liður 31d, liður 31e og liður 31ea.
2. Eftirfarandi bætist við á eftir lið 31bac (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1287/2006):

„iv) Önnur málefni

31c. **32001 D 0527:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/527/EB frá 6. júní 2001 um að koma á fót samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (Stjtið. EB L 191, 13.7.2001, bls. 43) eins og henni var breytt með:

- **32004 D 0007:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/7/EB frá 5. nóvember 2003 (Stjtið. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 32).

Tilhögun samstarfs við EFTA-ríkin í samræmi við 101. gr. samningsins:

Hverju EFTA-ríki er heimilt, í samræmi við ákvæði 3. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/527/EB, að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði.

31ca. **32001 D 0528:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/528/EB frá 6. júní 2001 um að koma á fót evrópskri verðbréfanefnd (Stjtið. EB L 191, 13.7.2001, bls. 45) eins og henni var breytt með:

- **32004 D 0008:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/8/EB frá 5. nóvember 2003 (Stjtið. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 33).

Tilhögun samstarfs við EFTA-ríkin í samræmi við 101. gr. samningsins:

Hverju EFTA-ríki er heimilt, í samræmi við ákvæði 3. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/528/EB, að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum evrópskrar verðbréfanefndar.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal senda þátttakendum fundarboð og viðeigandi gögn með tilhlýðilegum fyrirvara.“

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 23d (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1781/2006):

„23e. **32004 D 0005:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/5/EB frá 5. nóvember 2003 um að koma á fót evrópskri bankaeftirlitsnefnd (Stjtið. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 28).

Tilhögun samstarfs við EFTA-ríkin í samræmi við 101. gr. samningsins:

Hverju EFTA-ríki er heimilt, í samræmi við ákvæði 3. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2004/5/EB, að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum evrópskrar bankaftirlitsnefndar.“

4. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 13b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB):

„13c. **32004 D 0006:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/6/EB frá 5. nóvember 2003 um að koma á fót nefnd evrópskra eftirlitsaðila með váttryggingum og starfstengdum lífeyrissjóðum (Stjtið. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 30).

Tilhögun samstarfs við EFTA-ríkin í samræmi við 101. gr. samningsins:

Hverju EFTA-ríki er heimilt, í samræmi við ákvæði 3. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2004/6/EB, að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum nefndar evrópskra eftirlitsaðila með váttryggingum og starfstengdum lífeyrissjóðum.

- 13d. **32004 D 0009:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/9/EB frá 5. nóvember 2003 um að koma á fót evrópskri nefnd um váttryggingar og starfstengda lífeyrissjóði (Stjtið. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 34).

Tilhögun samstarfs við EFTA-ríkin í samræmi við 101. gr. samningsins:

Hverju EFTA-ríki er heimilt, í samræmi við ákvæði 3. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2004/9/EB, að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum evrópskrar nefndar um váttryggingar og starfstengda lífeyrissjóði.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal senda þátttakendum fundarboð og viðeigandi gögn með tilhlýðilegum fyrirvara.“

5. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 16c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB):

„16d. **32004 D 0010:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/10/EB frá 5. nóvember 2003 um að koma á fót evrópskri bankanefnd (Stjtið. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 36).

Tilhögun samstarfs við EFTA-ríkin í samræmi við 101. gr. samningsins:

Hverju EFTA-ríki er heimilt, í samræmi við ákvæði 3. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2004/10/EB, að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum evrópskrar bankanefndar.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal senda þátttakendum fundarboð og viðeigandi gögn með tilhlýðilegum fyrirvara.“

2. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við í bókun 37 (með skrá sem kveðið er á um í 101. gr.) við samninginn:

- „21. Samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/527/EB).
22. Evrópsk verðbréfanefnd (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/528/EB).
23. Evrópsk bankaeftirlitsnefnd (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/5/EB).
24. Nefnd evrópskra eftirlitsaðila með váttryggingum og starfstengdum lífeyrissjóðum (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/6/EB).
25. Evrópsk nefnd um váttryggingar og starfstengda lífeyrissjóði (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/9/EB).
26. Evrópsk bankanefnd (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/10/EB).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2001/527/EB, 2001/528/EB, 2004/5/EB, 2004/6/EB, 2004/7/EB, 2004/8/EB, 2004/9/EB og 2004/10/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. júlí 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. júlí 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 82/2008**2008/EES/64/04**

frá 4. júlí 2008

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2008 frá 6. júní 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/60/EB frá 21. desember 2007 um breytingu á ákvörðun 2003/548/EB að því er varðar niðurfellingu á tilteknum gerðum leigulína úr lágmarkssamstæðu leigulína ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 5cn (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/548/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32008 D 0060:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/60/EB frá 21. desember 2007 (Stjtið. ESB L 15, 18.1.2008, bls. 32).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2008/60/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. júlí 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. júlí 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 30, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 15, 18.1.2008, bls. 32.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 83/2008

2008/EES/64/05

frá 4. júlí 2008

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2008 frá 6. júní 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/698/EB frá 29. október 2007 um breytingar á ákvörðun 2007/116/EB með tilliti til þess að fjölga fráteknum númerum sem byrja á „116“ ⁽²⁾.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 5cx (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/116/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32007 D 0698**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/698/EB frá 29. október 2007 (Stjtið. ESB L 284, 30.10.2007, bls. 31).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2007/698/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. júlí 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. júlí 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 30, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 284, 30.10.2007, bls. 31.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 84/2008

2008/EES/64/06

frá 4. júlí 2008

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2008 frá 6. júní 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/771/EB frá 9. nóvember 2006 um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar til notkunar fyrir skammdrægan búnað ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/804/EB frá 23. nóvember 2006 um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar fyrir örmerkjabúnað sem er notaður á UHF-tíðnisviðinu ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/344/EB frá 16. maí 2007 um samhæft aðgengi að upplýsingum um notkun tíðnirófsins innan Bandalagsins ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2005/698/EB frá 19. september 2005 um aðgreint bókhald og rekstrarbókhaldskerfi innan reglurammans um rafræn fjarskipti ⁽⁵⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5cy (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/176/EB):
„5cz. **32006 D 0771**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/771/EB frá 9. nóvember 2006 um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar til notkunar fyrir skammdrægan búnað (Stjtið. ESB L 312, 11.11.2006, bls. 66).
5cza. **32006 D 0804**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/804/EB frá 23. nóvember 2006 um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar fyrir örmerkjabúnað sem er notaður á UHF-tíðnisviðinu (Stjtið. ESB L 329, 25.11.2006, bls. 64).
5czb. **32007 D 0344**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/344/EB frá 16. maí 2007 um samhæft aðgengi að upplýsingum um notkun tíðnirófsins innan Bandalagsins (Stjtið. ESB L 129, 17.5.2007, bls. 67).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 26i (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2000/417/EB):
„26j. **32005 H 0698**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2005/698/EB frá 19. september 2005 um aðgreint bókhald og rekstrarbókhaldskerfi innan reglurammans um rafræn fjarskipti (Stjtið. ESB L 266, 11.10.2005, bls. 64).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 30, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 312, 11.11.2006, bls. 66.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 329, 25.11.2006, bls. 64.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 129, 17.5.2007, bls. 67.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 266, 11.10.2005, bls. 64.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2006/771/EB, 2006/804/EB og 2007/344/EB og tilmæla 2005/698/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. júlí 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. júlí 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 85/2008

2008/EES/64/07

frá 4. júlí 2008

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2008 frá 6. júní 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1370/2007 frá 23. október 2007 um almenna farþegaflutninga á járnbrautum og á vegum og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1191/69 og (EBE) nr. 1107/70 ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1370/2007 fellur úr gildi reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1107/70 ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 4) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1191/69 ⁽⁴⁾, sem hefur verið felld inn í samninginn, fellur úr gildi samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1370/2007, en ákvæði hennar gilda þó áfram um vöruflutningaþjónustu í þrjú ár frá gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 1370/2007.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

